

Nd.

200. Frumvarp til laga

[115. mál]

um stuðning við atvinnuvegina.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Í þeim tilgangi að hækka fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna og kaupgjald þeirra, sem vinna að framleiðslustörfum, skulu gerðar þær ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum, sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Frá 1. janúar 1962 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánnum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna á þeim lánnum eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%.

Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema ⅔ af áætluðu útflutningsverði vörunnar.

3. gr.

Frá 1. janúar 1962 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og sparisjóða og vextir af öllum föstum lánnum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslögin frá 20. febrúar 1960 voru sett.

4. gr.

Frá 1. janúar 1962 skal Seðlabanka Íslands skylt að greiða útflytjendum fullt verð útfluttra íslenskra framleiðsluvara eigi síðar en einum mánuði eftir að varan hefur verið flutt úr landi, enda sé frá þeim tíma óheimilt að flytja úr landi óseldar framleiðsluvörur.

Þá er Seðlabankanum einnig skylt að greiða framleiðendum fullt útflutningsverð þeirrar vöru, sem þeir sanna með vottorði matsmanns eða á annan fullnægjandi hátt að tilbúin hafi verið til útflutnings í einn mánuð og sölusamningur hefur verið gerður um.

5. gr.

Frá 1. janúar 1962 skulu öll útflutningsgjöld sjávarafurða, þar með talin gjöld til hlutatryggingasjóðs, lækka í það, sem þau voru fyrir setningu bráðabirgðalaga nr. 80 frá 3. ágúst 1961.

6. gr.

Frá 1. janúar til 1. júlí 1962 skal ríkissjóður sjá um váttryggingu allra íslenskra fiskiskipa, og skal iðgjaldsgreiðsla (hundraðshluti iðgjalds) hvers skips vera sem svarar helmingi þess iðgjalds, sem greitt var fyrir það árið 1961. Iðgjöld nýrra skipa skulu ákveðin tilsvarandi.

Fyrir 1. júlí 1962 skal ríkisstjórnin hafa stofnsett nýtt váttryggingarfélag fiskiskipa, sem tryggi sem hagkvæmust váttryggingarkjör.

Eigendur fiskiskipa skulu hafa rétt til þess að segja upp gildandi tryggingarsamningum við íslensk tryggingarfélög með tveggja mánaða fyrirvara.

7. gr.

Árið 1962 skal öllum íslenskum váttryggingarfélögum skylt að lækka gildandi váttryggingariðgjöld sín á íslenskum framleiðsluvörum um 25%.

8. gr.

Árið 1962 skulu flutningsgjöld íslenskra skipa á útflutningsafurðum lækka um 20% frá því, sem var árið 1961.

9. gr.

Frá 1. janúar 1962 skal útflutningsfélögum framleiðenda og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum umboðssölu á íslenskum framleiðsluvörum, óheimilt að taka hærri þóknun fyrir störf sín við sölu en 1% af fob-verði. Óheimilt er að greiða erlendum umboðsaðilum hærri umboðslaun vegna sölu útfluttra vara en 2%.

10. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið nánar um allt, sem varðar framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld öll lagaákvæði, sem fara í hága við þau.

Greinargerð.

Enginn hugsandi maður getur lengur verið í nokkrum vafa um það, að stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum leiðir út í beint öngþveiti. Síðan ríkisstjórnin tók við völdum, eða á tæpum tveimur árum, hefur allt verðlag í landinu farið stórhækkandi og lífskjör vinnandi fólks að sama skapi versnandi. Þannig hefur verð á kjötvörum hækkað um 18%, á mjólk og feitmeti um 22%, á fiskmeti um 30%, á mjölvöru um 66%, brauðum um 35%, og meðaltalsverðhækkun á matvörum nemur 27%. Hiti og rafmagn hafa hækkað í verði um 34% og fatnaður um 28%. Meðaltalshækkun á vörum og þjónustu nemur 29% á tæpum tveimur árum. Allar eru tölur þessar samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Og enn heldur dýrtíðaraukningin áfram, því að vitað er um verðhækkanir, sem tilkynntar verða á næstunni.

Það var hin sífellda dýrtíðaraukning, sem leiddi til verkfallanna á s. l. sumri. Launþegar gátu ekki tekið á sig verðhækkanirnar bótalaust. En svo skilningslaus var ríkisstjórnin á hag launþega, að hún þoldi ekki að horfa á það, að þeir fengju laun sín hækkuð um 10—12% s. l. sumar. Sú launahækkun var þó augljóslega ekki nægilega mikil til þess að bæta launamönnum upp þá dýrtíð, sem núverandi ríkisstjórn hafði leitt yfir þá.

Eins og öllum er kunnugt, greip ríkisstjórnin til þess óyndisúrræðis að lækka gengi íslenzkrar krónu aftur í sumar. Sú gengislækkun hefur þegar leitt til þess, að öll kauphækkunin, sem samið var um í sumar, hefur étizt upp í nýrri verðlagshækkun. Launþegasamtökin hafa á ný sagt upp samningum, og enn má búast við verkföllum og framleiðslustöðvunum.

Með gengislækkuninni í sumar var kaup sjómanna raunverulega lækkað eins og annars vinnandi fólks. Þeir krefjast því í dag hækkaðs fiskverðs eins og verkamenn og aðrir launþegar hækkaðs kaups. Hagur útgerðarmanna versnaði líka við gengislækkunina í sumar. Fiskverð bátanna hefur ekki hækkað um einn einasta eyri, og síldarverðið hækkaði ekki þrátt fyrir gengislækkunina. En nauðsynjar útgerðarinnar hafa hækkað í verði vegna gengisbreytingarinnar.

Það má því öllum vera ljóst, sem um þessi mál hugsar, að ekki verður undan því vikizt að hækka kaup verkafólks og fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna. Að neita slíku er að berja höfðinu við steininn og þverskallast við staðreyndum.

Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnunum er söm og áður. Hún segir, að ekki sé hægt að hækka kaupið og að enginn grundvöllur sé fyrir hækkað fiskverð. Það er stefna stjórnarinnar, að verkafólk og sjómenn og útvegsmenn taki á sig dýrtíðaröldu gengislækkunarinnar bótalaust.

Það hefur löngum verið leikur núverandi ríkisstjórnar að halda því fram við verkamenn, að ekki sé hægt að hækka kaup þeirra af því, að útgerðin þoli það ekki. Útgerðinni er aftur sagt, að hennar hagur sé þröngur af því, að sjómenn taki of stóran hlut af aflanum. Og frystihúsin geta ekki hækkað fiskverðið til sjómanna og útgerðar-

manna af því, að kaup verkafólks er talið vera of hátt. Þannig er hverjum stefnt gegn öðrum og þar með sannað, að ekkert sé hægt að gera við vandanum.

En samanburður á kaupgjaldi og fiskverði í Noregi og hér hefur brugðið nokkru ljósi á þessa svikamyllu ríkisstjórnarinnar. Í Noregi er kaupgjald verkafólks hærra en hér. Þar er fiskverð miklu hærra en hér, og þar virðist afkoma fiskkaupenda einnig vera miklu betri en hér. Íslenski fiskurinn er þó seldur á eins háu og jafnvel hærra verði á heimsmörkuðum en sá norski.

Hvað er það þá, sem veldur? Málið er augljóst, þegar betur er að gáð.

Í Noregi eru útflutningsgjöld á sjávarafurðum svo að segja engin, eða um 0.075%, en hér eru þau orðin samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 7.4%. Slík útflutningsgjöld þekkjast hvergi hjá nokkurri annarri þjóð. Núverandi ríkisstjórn hefur hækkað þessi gjöld úr 2.9% í 7.4%. Í Noregi býr sjávarútvegurinn og atvinnuvegir landsins almennt við lága vexti, 2—3%, en hér á landi eru vextirnir hærri en í nokkru öðru landi í Evrópu. Hér eru vextir nú 7—9½% og á föstum lánnum 6½—8½%. Vaxtabyrðin hér er tvisvar til þrisvar sinnum meiri en í Noregi. Vátryggingargjöld fiskiskipa eru tvisvar til þrisvar sinnum hærri hér á landi en í Noregi. Flutningsgjöld vöruflutningaskipa eru hér miklu hærri en í Noregi fyrir sambærilega flutninga. Hér á landi skattleggja bæði ýmsir milliliðir og ríkisvaldið sjálft útflutningsframleiðsluna miklum mun meir en gert er í Noregi. Og hér á landi er kostnaður við fiskisölusamtök fiskframleiðenda og söluumboð miklum mun hærri en almennt þekkist annars staðar. Það eru þessir og fleiri aðilar, sem hér á landi taka svo stóran hluta af útflutningsverðmætinu, að hér þarf að greiða verkafólkinu lægra kaup og sjómönnum og útgerðarmönnum lægra fiskverð en sömu aðilum er greitt t. d. í Noregi.

Það, sem hér þarf að gera og við Alþýðubandalagsmenn höfum margsinnis bent á, er að ráðast að rótum meinsins og létta vaxtaokrinu af framleiðslunni, að létta milliliðaokrinu af útflutningnum, lækka vátryggingar, lækka flutningsgjöld og stórlækka álögur þær, sem ríkisstjórnin hefur lagt á framleiðsluna í formi útflutningsgjalda.

Með þessu frumvarpi bendum við á nokkur atriði, sem gera þarf útflutningsatvinnuvegunum til stuðnings. Væru þessi atriði framkvæmd, mætti hækka kaup verkafólks, sem við framleiðsluna vinnur, um 20% og fiskverðið um 25—30% og bæta þó hag fiskvinnslustöðvanna frá því, sem nú er.

Hér skal nú gerð nokkru nánari grein fyrir því, hvað samþykkt þessa frumvarps mundi létta miklum útgjöldum af sjávarútveginum.

Vaxtalækkun.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að vextir á afurðalánnum lækki um 4.5% frá því, sem nú er. Jafnframt er gert ráð fyrir að lækka vexti af öðrum rekstrarlánnum útgerðarinnar um 2% og vexti af öllum öðrum lánnum um 2%.

Telja má víst, að þessi vaxtalækkun nemi á ári fyrir sjávarútveginn sem heild að minnsta kosti 100 milljónum króna.

Lækkun vátryggingargjalda.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að eigendum fiskiskipa verði gert mögulegt að fá vátryggingu skipa sinna fyrir helmingi lægra gjald en þeir hafa þurft að greiða. Árleg iðgjaldagreiðsla fiskiskipaflotans er um 120 milljónir króna. Væri hér því um að ræða útgjaldalækkun, sem næmi um 60 milljónum króna.

Lækkun útflutningsgjalda.

Samkvæmt frumv. er lagt til, að útflutningsgjöld af sjávarafurðum verði lækkuð úr 7.4% í 2.9%, eða í það sama og þau voru, áður en ríkisstjórnin setti bráðabirgðalögin um sérstakar ráðstafanir vegna gengislækkunarinnar í sumar. Lækkun þessi á útflutningsgjöldunum mundi nema um 135 milljónum króna á ári.

Lækkun flutningsgjalda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að flutningsgjöld islenzkra skipa á útflutningsvörum verði lækkuð um 20% árið 1962. Sú lækkun mundi sennilega nema um 20 milljónum króna.

Aðrar ráðstafanir.

Þá er lagt til í frumvarpinu að lækka nokkuð önnur vátryggingargjöld, sem hvíla á framleiðslunni, og umboðslaun sölufélaga og umboðsaðila.

Einnig er lagt til, að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja framleiðendum greiðslu á útflutningsvörum hraðar en nú á sér stað. Slík skipan mundi spara framleiðendum mikil og margvisleg útgjöld.

Talið er líklegt, að þessi atriði myndu létta beinum útgjöldum af sjávarútveginum, sem nema um 50 milljónum króna á ári.

Lækkun útgjalda sjávarútvegsins yrði því að minnsta kosti um 365 milljónir króna á ári, ef frumvarp þetta yrði samþykkt. Slík lækkun heildarútgjalda sjávarútvegsins gerði mögulegt að hækka fiskverðið innanlands um 25—30%, og væri þá hægt að tryggja fiskiskipunum meðaltalsfiskverð, sem næmi um kr. 3.50 á kg af þorski, 165 kr. fyrir síldarmál af Norðurlandssíld og 250 kr. fyrir uppmælda tunnu af síld til söltunar. Jafnframt væri svo hægt að hækka kaup þess fólks, sem við fiskvinnslustörfin vinnur í landi, um 20%.

Enginn vafi getur leikið á því, að auðvelt væri að framkvæma öll þau atriði, sem frumvarp þetta fjallar um.

Lækkun vaxtanna er sjálfsagt mál, sem flestir landsmenn viðurkenna að framkvæma eigi sem fyrst. Seðlabankinn mundi að vísu missa nokkurn hluta af sínum mikla gróða, en slíkt er eðlilegt, því að seðlabönkum er ekki ætlað það hlutverk að græða á atvinnuvegunum.

Lækkun vátryggingargjalda er möguleg, og hefur samanburður á vátryggingargjöldum fiskiskipa í Noregi og hér á landi leitt í ljós, að unnt ætti að vera að lækka gjöldin hér um helming, ef rétt er að farið.

Útflutningsgjöld sjávarafurða má auðveldlega lækka í það, sem þau voru fyrr á yfirstandandi ári. Hækkun ríkisstjórnarinnar á þeim gjöldum var ákveðin af skammsýni og skilningsleysi á þörfum sjávarútvegsins.

Lækkun flutningsgjalda islenzkra skipa er auðveld, þar sem vitað er, að þau hafa grætt mikið að undanfögnu. Flutningsgjöld erlendra skipa á islenzkum afurðum myndu fljótlega lækka á eftir, þar sem vitað er, að það eru taxtar islenzku skipanna, sem ráða um flutningstaxtana hér við land.

Í frumv. er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn verði skyldaður til þess að greiða útflytjendum, einum mánuði eftir að útflutningsvara er flutt úr landi, fullnaðarverð vörunnar, enda er þá við það miðað, að útflutningsvörur séu ekki fluttar úr landi, nema þær séu fyrir fram seldar.

Ákvæði þetta er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir þá óhæfu, sem viðgengizt hefur í þessum efnum. Þannig mun t. d. orðið algengt, að framleiðendur verði að bíða í 8—10 mánuði, frá því að frystur fiskur er fluttur út, þar til greiðsla berst fyrir hann í banka. Sérstaklega hefur dráttur í þessum efnum orðið tilfínanlegur og langur í sambandi við fisksölnuna til Bandaríkjanna. Slíkt sölufyrirkomulag verður að stöðva, og er eðlilegast, að Seðlabankinn sjái um, að útflyttar vörur séu greiddar framleiðendum eigi síðar en einum mánuði eftir, að varan er flutt út.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frumv., að Seðlabankinn greiði framleiðendum fullt verð þeirrar útflutningsvöru, sem legið hefur tilbúin til afskipunar í heilan mánuð og fastur sölusamningur hefur verið gerður um. Seðlabankinn tekur allan erlendan gjaldeyri fyrir útflyttar vörur, og er þá ekki óeðlilegt, að hann hafi nokkrar skyldur varðandi þau gjaldeyrisverðmæti, sem þannig eru tilbúin til útflutnings og sala er tryggð á.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lækka nokkuð þóknun þá, sem sölu-
félög framleiðenda og íslenskir umboðssalar taka fyrir umboðsstörf sín. Félögin taka
nú yfirleitt 2% þóknun. Enginn vafi er á að þau gætu unnið nauðsynleg umboðs-
sölustörf fyrir 1%, og er það því sett sem hámark í frumv.

Sala á íslenskum framleiðsluvörum erlendis fer að verulegu leyti fram á vegum
erlendra umboðssala. Ýmis dæmi eru um það, að þeir taki orðið 4% í umboðslaun.
Rétt hefur því þótt að girða fyrir slíka okurstarfsemi með því að banna hærri
greiðslu til erlendra umboðssala en 2%.

Í greinargerð þessari hefur aðallega verið vikið að þeim hagsbótum, sem sjávar-
útvegurinn hefði af samþykkt frumvarpsins. En augljóst er þó, að aðrir atvinnuvegir
landsins mundu einnig njóta góðs af samþykkt þess. Þannig mundi almenna vaxta-
lækkunin ná til allra, Og lækkun vaxta á afurðalánum mundi einnig koma land-
búnaðinum til góða. Ýmis önnur ákvæði frumvarpsins, sem varða útflutning, mundu
koma öllum útflutningsgreinum til hagsbóta.

En eins og verðlagsmyndunin er í landinu, skiptir mestu máli, að þannig sé
búið að sjávarútveginum, sem algerlega er háður erlendu verðlagi, að hann geti
starfað með eðlilegum hætti.